

# dömupeysa í febrúar

höfundur Pamela Wynne (2008) [www.flintknits.com](http://www.flintknits.com)

þýðing með leyfi höfundar Ragnheiður Eiríksdóttir (2009)

---

Frjálsgleg og falleg gataprjónuð golla sem passer á alvöru konur af öllum stærðum. Höfundur byggir uppskriftina á hinni klassísku “Baby sweater on two needles” eftir Elizabeth Zimmermann úr bókinni Knitter’s Almanac.



**Garn:** Um það bil 686(777, 869, 960, 1052, 1188, 1280) metrar af garni sem passar fyrir prjóna númer 5 (750 (850, 950, 1050, 1150, 1300,1400) yards). Peysan verður sérstaklega falleg með garni sem hefur í sér litbrigði.

**Prjónar:** hringprjónn (amk 80 cm) nr. 5 eða það númer sem hentar fyrir prjónfestuna, hringprjónn nr. 6, eða einu númeri stærri en þeir sem notaðir eru, til að fella af.

**Að auki:** Prjónamerki – hægt er að nota nælur eða lykkjur úr garni í öðrum lit.

Þrír hnappar – fallegt að nota frekar stóra hnappa.

**Prjónfesta:** 18 lykkjur gera 10 cm á breiddina í garðaprjóni.

**Stærðir:** XXS (XS, S, M, L, XL, XXL)

**Yfirvidd:** 89 (95, 104, 104, 112, 126, 134) cm

Yfirviddin er sú sama í stærðum S og M, en axlavidd er meiri og ermar víðari í stærð M.

## Munstur:

Útaukningar – allar útaukningar eru í pörum, sitt hvorum megin við merкта lykkju. Fyrri útaukning: bandi milli prjónanna er lyft upp á vinstri prjón, framan frá og prjónað aftan í lykkjuna. Síðari útaukning: bandi milli prjónanna er lyft upp á vinstri prjón, aftan frá og prjónað framan í lykkjuna.

Mávamunstur Elizabeth Zimmerman úr bókinni Knitter’s Almanac (munstrið er 7 lykkjur og unnið í 4 umferðum).

1. umferð: pr. 1l, pr. 2l saman, slá upp á, pr. 1l, slá upp á pr. 2l saman aftan í, pr. 1l. Endurtekið út umferðina.
  2. og 4. umferð eru prjónaðar brugðnar
  3. umferð: pr. 2l saman, slá upp á, pr. 3l, slá upp á, pr. 2l saman aftan í. Endurtekið út umferðina.
-

## prjónið

Fyrst af öllu ættir þú að verða þér úti um eintak af hinni frábæru bók, Knitter's Almanac, eftir Elizabeth Zimmermann. Sem allra fyrst. Þar er peningunum vel varið.

### [Kraginn]

Fitjið upp á 83 (83, 83, 87, 91, 95, 99) lykkjur. Prjónið 3 umferðir slétt (garðapryjón).

### [Axlastykki]

Fjórða umferð (prjónamerki sett á rétta staði): Prjónið 14 (14,14, 15, 16, 17, 18) l, merkið næstu lykkju, prjónið 11l, merkið næstu lykkju, prjónið 28 (28,28, 30, 32, 34, 36) l, merkið næstu lykkju, prjónið 11l, merkið næstu l, prjónið 15 (15, 15, 16, 17, 18, 19) l.

Að merkja lykkju: merkið lykkjuna með því að setja prjónamerki fyrir framan og aftan lykkjuna.

Prjónamerkin eru svo flutt milli prjóna þegar komið er að þeim.

Fimmta umferð (fyrsta umferð með útaukningum): \*prjónið að prjónamerki, aukið í, færið fyrra prjónamerki, prjónið merktu lykkjuna, færið síðara prjónamerki, aukið í. Þannig hafa 2l bæst við.

Endurtakið frá \*, prjónið til enda.

Sjötta umferð (rangan): prjónið 3l, búið til hnappagat, klárið umferðina. Peysan er falleg með frekar stórum tölum. Hnappagat er t.d. hægt að búa til með því að fella af 3-4 l í umferðinni og fitja aftur upp á lykkjunum í næstu umferð, þá er notað hundafit. (Kennslumyndband um gerð hnappagata má líka finna á

[www.knittingonthenet.com/learn/bh5.htm](http://www.knittingonthenet.com/learn/bh5.htm).)

Endurtakið fimmtu og sjöttu umferð alls 16 (18, 19, 21, 24, 27, 30) sinnum, búið til alls 3 hnappagöt með um 6 cm millibili. Þá eru [211 (227, 235, 255, 283, 311, 339) lykkjur] á prjóninum og óhætt að fjarlægja prjónamerkin.

Röð með gataukningu (réttan): prjónið 7 (10, 8, 8, 8, 10, 14) lykkjur, setjið 1 prjónamerki upp á. Í umferðinni eru gerðar útaukningar með því að slá bandinu upp á prjóninn 41 (38, 47, 41, 41, 38, 39) sinnum, með jöfnu millibili yfir næstu 197 (207, 219, 239, 267, 291, 311) lykkjur (þetta eru miðjulykkjurnar), setjið prjónamerki upp á, prjónið síðustu 7 (10, 8, 8, 8, 10, 14) lykkjurnar. Prjónið áfram að minnsta kosti 3 umferðir og endið á umferð á röngunni. Hér eftir eru fyrstu og síðustu 7 (10, 8, 8, 8, 10, 14) lykkjurnar í hverri röð prjónaðar slétt (garðapryjón). Prjónið nú fyrstu 4 munsturraðirnar en munið eftir garðapryjóninu í báðum köntunum.



### [Bolurinn]

Ermalykkjur geymdar (ermar eru svo prjónaðar þegar bolurinn er kominn): Prjónið 7 (10, 8, 8, 8, 10, 14) l, færið prjónamerki. Haldið áfram með mávamunstrið – prjónið k 28 (28, 35, 35, 42, 42, 42), þetta er hægra framstykkið, setjið næstu 56 (56, 56, 63, 63, 70, 77) ermalykkjur á þráð og geymið, fitjið upp á 7l, prjónið 70 (77, 84, 84, 98, 105, 112) l, þetta er bakið, setjið næstu 56 (56, 56, 63, 63, 70, 77) ermalykkjur á þráð og geymið, fitjið upp á 7l, prjónið 28 (28, 35, 35, 42, 42, 42) l, þetta er vinstra framstykkið, færið prjónamerkið, prjónið 7 (10, 8, 8, 8, 10, 14) l. [154 (167, 184, 184, 212, 223, 238) lykkjur alls] Haldið áfram að prjóna mávamunstrið, með garðapryjóninu sitt hvorum megin. Prjónað er þar til um 4cm vantar upp á æskilega sídd. Þá eru næstu 4 cm prjónaðir slétt (garðapryjón) og svo felld af með stærri prjónunum.

### **[Ermarnar]**

Lykkjurnar settar á sokkaprjóna eða ermaprjón nr. 5. í handakrikanum eru teknar upp alls 9 lykkjur til viðbótar.

Fyrsta umferð: Setjið prjónamerki við upphaf umferðarinnar og byrjið að prjóna mávamunstrið. Prjónið að síðustu 9 lykkjunum, setjið prjónamerki þar og 9 lykkjurnar í handakrika eru prjónaðar svona: 2l saman aftan í, 5l, 2l saman.

Þar sem nú er prjónað í hring eru umferðir 2 og 4 í munstrinu prjónaðar slétt.

Haldið áfram að prjóna mávamunstrið þar til ermarnar eru um 4 cm styttri en þær eiga að verða. Prjónið þá garðaprjón síðustu 4 cm. Fellið af með prjóni sem er 1-2 númerum stærri.

### **[Frágangur]**

Peysan er þvegin og lögð til þerris. Hnappar saumaðir á. Allt klárt og tími til að sýna sig í fínu peysunni.

Um stærðirnar: Það er auðvelt að prjóna peysuna stærri eða minni með því að fitja upp á annan lykkjufjölda eða breyta fjölda útaukninga á axlastykkinu. Lykkjufjöldinn þarf að ganga upp í 7 vegna mávamunstursins (fyrir utan garðaprjónslykkjurnar í köntunum auðvitað).